

51

12. gr.

5. maí

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 27. febrúar 1952.

Lára Árnadóttir,
formaður.

Guðrún P. Helgadóttir,
ritari.

Ragnheiður Jónsdóttir,
gjaldkeri.

Laufey Þorgeirsdóttir.

Sigríður Bachmann.

52

REGLUGERÐ

8. maí

um breyting á reglugerð nr. 116 10. sept. 1959, um skyldusparnað.

1. gr.

2. gr. hljóðar svo:

Sparifé, samkvæmt 1. gr., skal lagt til hliðar á þann hátt, að kaupgreiðandi skal afhenda launþega, sem ekki er undanþeginn skyldusparnaði, samkvæmt 5. gr., sparimerki hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Sparifé vegna sambærilegra atvinnutekna við laun leggur hlutaðeigandi sjálfur til hliðar með því að kaupa sparimerki mánaðarlega, þó eigi síðar en síðasta dag febrúarmánaðar ár hvert, vegna slíkra tekna á næsta ári á undan. Sama gildir, ef kaup er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, þó skattfrjálst sé. Verðgildi slíkra hlunninda skal miða við mat skattanefndar til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Sparimerki, samkvæmt grein þessari, skulu límd í sparimerkjabók hlutaðeigandi manns.

2. gr.

Síðasta málsgrein 5. gr. falli niður.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu um hver áramót láta hlutaðeigandi skattafirvöldum í té skrá um þær undanþágur, sem veittar hafa verið. Skráin skal vera í því formi sem skattafirvöld ákveða.

4. gr.

8. gr. hljóði svo:

Nú framvísar launþegi sparimerkjabók sinni sem sýnir, að hann er undanþeginn skyldusparnaði, sbr. 6. gr., og skal þá eigi greiða honum með sparimerkjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., sbr. lög nr. 45 12. júní 1958 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. maí 1961.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.